

28. fundur í háskólaráði LbhÍ haldinn á Hvanneyri 1. september 2011 kl. 10:00.

Mættir: Emma Eyþórsdóttir, Orri Páll Jóhannsson, Þórhallur Bjarnason, Stefán Logi Haraldsson, Álfheiður Sverrisdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor, og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Haraldur Benediktsson, Jón Torfi Jónasson, og Ásmundur Einar Daðason.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar. Ályktun 27. fundar um Nemendagarða fylgt eftir með umræðum um málið. Fundargerðin samþykkt samhljóða og jafnframt samþykkt eftirfarandi bókun:

Háskólaráð beinir því til stjórnenda LbhÍ að þeir beiti sér fyrir endurskoðun á samþykktum Nemendagarðanna með það að markmiði að skýra umboð stjórnar þeirra. Mikilvægt er að rekstur Nemendagarða sé sem best tryggður og í samræmi við hagsmuni skólans og nemenda hans. Í því skyni er m.a. rétt að endurskoða fyrirkomulag tilnefninga í stjórn.

2. Þróun mála frá síðasta fundi. Rektor fór yfir þau mál sem hafa verið efst á baugi í rekstri skólans undanfarna mánuði. Fram kom m.a. að Hollvinasamtök LbhÍ voru formlega stofnuð þann 29. apríl sl. Nokkrar ráðstefnur hafa verið haldnar á vegum skólans m.a. Nova ráðstefna í Árósum í júní en formennsku LbhÍ í Nova lýkur um næstu áramót. LbhÍ hefur annast nokkur verkefni í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu og markvisst hefur verið unnið að því að byggja upp þekkingu innan skólans á landbúnaðarkerfi þess. Samstarfsnet háskólanna hefur þróast eftir áætlun og hafin er kennsla í fyrsta kúrsinum (vatnalíffræði) sem kenndur er sameiginlega nemendum við LbhÍ og HÍ, í þessu tilviki nemendum við líffræðiskor HÍ.

3. Málstefna. Fyrir fundinum liggur tillaga að málstefnu LbhÍ en mennta- og menningarmálaráðherra hefur hvatt alla háskóla landsins til að setja sér slíka stefnu. Í umræðum kom fram stuðningur við tillöguna en jafnframt bent á að æskilegt sé að frekari útfærsla komi varðandi framkvæmd hennar, ekki síst hvernig starfsmenn og nemendur geti leitað eftir leiðsögn varðandi málfar. Stefnan samþykkt samhljóða.

4. Fjármál. ÞTJ skýrði rekstrarniðurstöðu ársins 2009, 6 mán uppgjör 2011 og horfur innan ársins. Miðað við endurskoðaða rekstraráætlun má gera ráð fyrir 16 mkr. halla á árinu en allra leiða er leitað til að halda rekstri ársins í jafnvægi. Rætt um uppsafnaðan halla sem nú er 230 mkr. og hvaða leiðir séu færar til að losna við hann. Fram kom eindreginn vilji háskólaráðs til að beita sér fyrir lausn málsins t.d. með viðræðum við ráðherra.

5. Vinnumarkaðskönnun. Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar SFR/VR 2011 lagðar fram og kynntar en þar koma fram margvíslegar upplýsingar um afstöðu starfsmanna til LbhÍ sem vinnuveitanda. Háskólaráð leggur áherslu á að niðurstöðurnar verði kynntar fyrir starfsmönnum.

6. Önnur mál. Fram kom ósk um að möguleikar fulltrúa í háskólaráði til að fylgjast með daglegu starfi í skólnum verði bættir, t.d. með því að þeir verði á póstlista starfsmanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30

Næstu fundir fyrirhugaðir 27. Okt og 15. Nóv.